

Kaskótrygging ökutækja

Skilmáli B-2

Í skilmálanum merkir hugtakið „félagið“ Vörður tryggingar hf.

Um váttrygginguna gilda váttryggingarskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í skilmála þessum ganga frammar ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

1. kafli. Kaskótrygging ökutækja

1. gr. Hver er váttryggður?

Váttryggður er skráður eigandi þess ökutækis sem tiltekið er á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

2.1 Váttryggingin bætir skemmdir á ökutækinu vegna:

- Áreksturs við annað farartæki.
- Áaksturs.
- Veltu og hraps.
- Útafaksturs.
- Grjóthruns, snjóflóðs úr fjallshlíð, skriðufalls eða ef eitthvað fellur á ökutækið (t.d. snjór eða grýlukerti) eða það skemmist af völdum þriðja aðila.
- Eldingar, eldsvoða eða sprengingar sem stafar af eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði ef eldur verður ekki laus.
- Vatns sem kemur úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislöngnum húsnæðis þar sem ökutækið er geymt.
- Óveðurs ef ökutækið fýkur eða ef vélarhlíf, skottlok eða hurðir fjúka upp. Hið sama gildir um tjón af völdum áfoks eða áhruns, þó ekki ef sandur, möl, aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á það. Með óveðri er hér átt við að vindhraði, þegar tjón varð, hafi náð 28,5 metrum á sekúndu á tjónsstað, samkvæmt vottorði frá Veðurstofu Íslands. Séu ekki fánlegar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs.
- Þjófnaðar eða tilraunar til þjófnaðar og skemmdarverka þriðja aðila. Skilyrði bótaskyldu er að atvikið hafi verið kært til lögreglu. Bætur vegna tjóns samkvæmt þessari grein greiðast því aðeins að tjónsatburðurinn gerist á Íslandi.
- Flutnings ökutækisins með öðru flutningstæki á landi. Ennfremur þegar það er flutt á skipi milli hafna á Íslandi ef flutningurinn er liður í ferðalagi. Skemmdir í sjóflutningi bætast þó ekki nema um árstryggingu sé að ræða.
- Þess að pallur vörubifreiðar fer af eða á hliðina, þegar honum er lyft, hvort sem ökutækið sjálft veltur eða ekki. Váttryggður ber þó 25% hærrí eigin áhættu en skráð er á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- Hesta, nautgripa, sauðfjár og hreindýra utan afgirts beitarsvæðis.

2.2 Brot á rúðum ökutækisins. Það telst ekki brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispist eða skrámist. Ekki greiðast bætur fyrir rúður sem brotna við úrtöku eða ísetningu. Bætur vegna rúðutjóna geta orðið að hámarki 35% af raunvirði ökutækis.

2.3 Skemmdir á undirvagni ökutækis, hjólbörðum og felgum er hljóttast af því að ökutækið rekst niður í akstri, ekið er í holu eða yfir grjót á vegi eða þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutækið. Bætur samkvæmt þessari grein greiðast ekki ef tjón verður við akstur á fjallvegum (F-vegir), slóðum, utanvega, við akstur yfir ár, vötn eða lækki. Með undirvagni er hér átt við allt neðra byrði ökutækis og þann vél- og rafbúnað sem þar er staðsettur þ.m.t. rafhlaða ökutækisins.

2.4 Kostnað við flutning ökutækis til næsta viðurkennda viðgerðarverkstæðis verði ökutækið óökufært af völdum áreksturs, áaksturs, veltu eða útafaksturs sem verður við akstur eftir þjóðvegum landsins. Bætur vegna þessarar greinar takmarkast við fjárhæð er fram kemur á váttryggingarskírteini.

3. gr. Hvað bæti tryggingin ekki?

Félagið greiðir ekki bætur þegar:

- Um er að ræða tjón við kappakstur, aksturskeppni, reynsluakstur eða æfingar fyrir slíkan akstur, nema um annað sé samið og þess getið á váttryggingarskírteini.
- Skemmdir verða af efnisgalla, hönnunargalla, smíðisgalla, viðgerðargalla eða bilunar ökutækisins eða búnaðar þess. Þó bætast skemmdir sem hljóttast af þessum orsökum á öðrum hlutum ökutækisins ef um árekstur, áakstur, veltu eða útafakstur er að ræða, enda hafi bilunin komið fram innan sólarhrings frá hinum bótaskylda atburði.

- c. Tjónið verður rakið til hvers kyns dýra sbr. þó I-lið greinar 2.1.
- d. Skemmdir orsakast af vatnsflóði inn í ökutækið, eða hluta þess, sem orsakast t.d. af akstri yfir óbrúaðar ár, vötn eða læki.
- e. Tjón stafar af sjóbleytu.
- f. Minniháttar ákoma verður á undirvagni, dekkjum eða felgum ökutækisins. Með minniháttar ákomu er átt við stakar rispúr eða núningsmerki, t.d. við kantsteina eða aðra hluti og ekki verður formbreyting sem rýrir notagildi.

4. gr. Einstaka hlutar ökutækisins

Félagið bætir ekki:

- a. Skemmdir er varða hjól, hjólbarða, fjaðrir, rafgeymi, gler, annað en rúður sbr. gr. 2.2 svo og tjón vegna stuldar einstakra hluta ökutækisins og skemmdir sem af því stafa.
- b. Skemmdir á rafbúnaði ökutækis er hljótast af skammhlaupi.
- c. Skemmdir á strokkum, kæli eða öðrum hlutum ökutækisins er stafa af því að kælivatnið frýs eða af öðrum áhrifum veðráttu.
- d. Skemmdir á undirvagni sem rekja má til aksturs á fjallvegum, slóðum eða utan vega sem og tjón sem verða við akstur yfir óbrúaðar ár, vötn eða læki. Með undirvagni er hér átt við allt neðra byrði ökutækis og þann vél- og rafbúnaðar sem þar er staðsettur auk hjólbarða og felga.
- e. Skemmdir á hvers kyns aukaútbúnaði ökutækisins, t.d. farsímum, GPS staðsetningartækjum, talstöðvum, vörulyftum og krönum vörubifreiða, máluðum auglýsingum, skíðabogum og lausum farangursgrindum, tengivögnum, pallhýsum og palllokum, nema um annað sé samið og þess getið á váttryggingarskírteini. Váttryggingin tekur þó til hljómflutningstækja ökutækisins. Hámarksbætur vegna tjóns á hljómflutningstækjum eru tilteknar á váttryggingarskírteini.

Almenn ákvæði:

5. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á Íslandi. Enn fremur gildir váttryggingin í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og í Sviss í allt að 90 daga frá brottfarardegi ökutækisins frá Íslandi. Váttryggingin gildir jafnframt fyrir ökutækið í flutningi milli landa með fyrsta flokks flutningaskipi, enda sé um árstryggingu að ræða.

6. gr. Takmarkanir eða varúðarreglur

Váttryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í skilmála þessum eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar samanber 26. gr. laga nr. 30/2004.

Varúðarregla: Ökutækinu skal tryggilega læst þegar farið er frá því og rúðum eða sóllúgu lokað. Lyklar að ökutækinu skulu geymdir á ábyggilegum stað þar sem óviðkomandi eiga ekki greiðan aðgang.

Varúðarregla: Váttryggður skal vera í líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutækinu örugglega og ekki undir áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna.

Varúðarregla: Váttryggður skal hafa hæfni til þess að stjórna ökutækinu örugglega og hafa til þess tilskilin réttindi.

Varúðarregla: Váttryggður og sá sem hefur ökutækið undir höndum skal sjá til þess að það sé í lögmæltu ástandi, að ökutækið sé fært til lögbundinnar skoðunar og viðhald ökutækisins sé í samræmi við leiðbeiningar og þjónustuhandbók framleiðanda.

Varúðarregla: Váttryggður skal sjá um að öryggisbúnaður ökutækisins sé í lagi og viðeigandi miðað við aðstæður. Undir öryggisbúnað falla m.a. hjólbarðar, bremsur, stýrisbúnaður ásamt öðru. Váttryggður skal einnig gæta þess að ökutækið sé ávallt útbúið miðað við akstursaðstæður.

7. gr. Framsal

Váttryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja eða veðsetja réttindi sín samkvæmt váttryggingarsamningnum.

8. gr. Endurgreiðsla iðgjalds

Hafi ökutækið ekki verið í notkun af öðrum ástæðum en vegna tjóns, sem váttrygging þessi tekur til, og skráningarnúmer þess verið í vörslu Samgöngustofu, lögregluvirkvalda eða umboðsmanna þeirra, a.m.k. 30 daga samfleytt, endurgreiðir félagið iðgjaldið hlutfallslega fyrir innistöðutímabilið. Iðgjald fyrir váttryggingu dráttarvéla, snjóþíla, vélsleða, torfærutækja, mótorhjóla og fjórhjóla endurgreiðist þó ekki, enda hefur verið tekið tillit til þess við iðgjaldsákvörðun. Iðgjald fyrir skammtímatryggingu endurgreiðist ekki.

9. gr. Vátryggingarfjárhæð

9.1 Vátryggingarfjárhæð er almennt ekki tilgreind í vátryggingarskírteini fyrir kaskótryggingu -ökutækja.

9.2 Fjárhæð bóta vegna skemmda sem verða á einu vátryggingartímabili skal ekki fara fram úr verðmæti ökutækisins í upphafi vátryggingartímabilsins. Sama gildir um vátryggingarfjárhæð, ef um hana er að ræða. Vátryggingartaki á þó rétt á að halda óbreyttri vátryggingarvernd eftir tjón gegn því að greiða viðbótariðgjald.

10. gr. Eigin áhætta

10.1 Af hverju tjóni ber vátryggingartaki sjálfur eigin áhættu eins og getið er á gildandi vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

10.2 Í ákveðnum tegundum tjóna ber vátryggingartaki þó hærri eigin áhættu en getið er á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun:

- Verði ökutæki fyrir bótaskyldu tjóni við akstur utan þjóðvegakerfis ber vátryggingartaki þrefalda þá eigin áhættu sem tiltekin er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- Verði tjón á ökutækinu erlendis er eigin áhættan 50% hærri.
- Verði tjón á ökutækinu vegna þess að pallur vörubifreiðar fer af eða á hliðina, þegar honum er lyft, hvort sem ökutækið sjálft veltur eða ekki, er eigin áhættan 25% hærri.
- Verði tjón á undirvagni, felgum eða dekkjum ökutækisins vegna tjónsatvika sem getið er í grein 2.3 er eigin áhættan tvöföld.

11. gr. Algert tjón

11.1 Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón, ef:

- Ökutækið verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið álitur ekki borga sig að gera við það.
- Ökutækinu er stolið og það hefur ekki fundist innan 4 vikna frá því að félaginu og lögreglu var tilkynnt um atburðinn.
- Ökutækið er yngra en 12 mánaða (m.v. fyrstu skráningu), því hefur verið ekið minna en 20 þúsund kílómetra og viðgerðarkostnaður, sem metinn er af verkstæði sem félagið samþykkir, nemur meira en 45% af raunvirði ökutækisins.

11.2 Verði algert tjón greiðir félagið aldrei hærri bætur en sem nema raunvirði ökutækisins. Raunvirði telst vera sú fjárhæð er þurft hefði til kaupa á ökutækinu á því verðlagi er síðast var á sambærilegu ökutæki (gegn staðgreiðslu).

11.3 Félagið áskilur sér rétt til þess að fullnægja bótaskyldu sinni samkvæmt þessari grein með því að afhenda hinum vátryggða annað sambærilegt ökutæki miðað við tegund, aldur, akstur og útbúnað þannig að hinn vátryggði verði fjárhagslega í sömu stöðu fyrir tjón og eftir. Tjón greiðist aðeins í íslenskum krónum.

12. gr. Viðgerðarkostnaður

Skemmist ökutækið án þess að skilyrði 11. gr. séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera ökutækið, að svo miklu leyti sem unnt er, eins og það var fyrir tjónið. Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað. Náist ekki samkomulag um áætlaðan viðgerðarkostnað skulu dómkvaddir menn meta hann. Lækkun á markaðsverði ökutækisins, óbeint tjón, svo sem afnotamissir, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnaður vegna sérpantana á varahlutum bætist ekki. Leita skal fyrirfram samþykkis félagsins á viðgerðaraðila. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.

13. gr. Endurnýjun einstakra hluta

Verði ágreiningur um hvort eða að hve miklu leyti félagið skuli taka þátt í endurnýjun einstakra hluta ökutækisins má skjóta honum til úrskurðar dómkvaddra manna. Þeim aðila sem matið gengur í vil ber eigi að greiða matskostnað.

14. gr. Upplýsingaskylda vátryggingartaka

Félaginu er heimilt að skoða hið vátryggða þegar félagið óskar. Vátryggðum eða öðrum þeim sem kröfu gerir um bætur úr tryggingunni er skylt að varðveita og veita félaginu aðgang að hljóð-, mynd- og öðrum tölvubúnaði ökutækisins.

15. gr. Áhættubreyting

Iðgjald vátryggingarinnar fer eftir notkun vátryggðs hlutar eða starfsemi sem hann er notaður í og gefnar eru upplýsingar um við vátryggingartöku. Sé tiltekin ákveðin notkun/starfsemi á hinu vátryggða á vátryggingarskírteini og notkun/starfsemi breytist ber vátryggðum og/eða þeim sem réttar njóta samkvæmt vátryggingunni að tilkynna félaginu það jafnskjótt og þeim er kunnugt um breytinguna. Misbrestur á því getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins samkvæmt 25. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

16. gr. Endurgreiðsla iðgjalds - eigandaskipti

16.1 Greiði félagið bætur fyrir algert tjón ökutækisins lýkur váttryggingunni formlega þegar gengið er frá tjónsuppgjöri. Váttryggingartaki á þá ekki rétt á endurgreiðslu iðgjalds.

16.2 Verði eigandaskipti að hinu váttryggða fellur váttrygging þessi niður. Váttryggingin gildir þó í 14 daga fyrir hinn nýja eiganda enda hafi hann ekki keypt aðra váttryggingu.

17. gr. Réttur þriðja manns - Samsömun

17.1 Váttryggingin er ekki til hagsbóta fyrir veðhafa nema félaginu sé tilkynnt það sérstaklega og það skráð á váttryggingarskírteini. Meðváttryggður getur aldrei eignast meiri réttindi á hendur félaginu heldur en váttryggður.

17.2 Félagið getur borið fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða.

17.3 Sé ökutækið notað í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna váttryggðs.

18. gr. Vísitala - vextir af tjónskröfum

Iðgjald og fjárhæð eigin áhættu í váttryggingunni fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt viðeigandi vísitölum við hverja endurnýjun váttryggingarinnar.

Skilmálar þessir gilda frá 01.06.2021